



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	3. fundur stjórnar KLÍ 2015-2016
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	Þriðjudaginn 18. ágúst 2015 kl. 17:30
Þátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) ÍR Formaður Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) KFR Gjaldkeri Björn Kristinsson (BK) KR varamaður Valgeir Guðbjartsson (VG) KFR varamaður Bjarni Páll Jakobsson (BJP) ÍR meðstjórnandi
Boðuð forföll:	
Fjarverandi:	Höskuldur Þór Höskuldsson (HÞH) KR Varaformaður Svanhildur Ólafsdóttir (SÓ) KFR Ritari.
Fundarritari:	VG

Dagskrá fundar

1. Staðfesting á fundargerð síðasta fundar
2. Leiktímabilið 2015-2016
3. Fundir með nefndum
4. Önnur mál

Fundargerð

Staðfesting á fundargerð síðasta fundar

Staðfesting á fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Leiktímabilið 2015-2106

Drög að dagskrá liggja fyrir, verið að færa inn leikheimildir og breytingar/nýskráningar á liðum. Í síðustu viku voru haldnir fundir með nefndum til að fara yfir starfið fram undan. Ósk komin frá Keiluhöllinni um að fá drög að dagskra til að skrá brautarpantanir, ÞMP ætlar að fá nýjustu útgáfu og senda á salinn.

Drög frá Leikreglanefnd liggja fyrir og ÞMP búinn að senda þau á stjórn, þessi drög taka á ýmsum þáttum sem hafði ekki verið gert ráð fyrir í reglugerðarbreytingum á síðasta þingi, nefndin tók ekki á grein um val á keilara ársins, en vísaði því til stjórnar að skoða betur skilgreiningar og vægi móta í stigalista sem er hafður til viðmiðs við val keilaranna.

Ekki hafa komið fram athugasemdir frá stjórnarmönnum við þessi drög, en jafnframt kom fram að almennt voru ekki stjórnarmenn búnir að kynna sér drögin, VG nefndi að það hefði ekki verið neitt sem stakk í auga við fyrsta yfirlestur, ákveðið að gefa stjórnarmönnum frest til föstudags 21 ágúst að koma með athugasemdir/viðbætur að öðrum kosti mun ÞMP líta

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

svo á að þetta sé samþykkt og afgreiðir til Formannafundar sem fyrirhugaður verður í fyrstu viku september

Fundir með nefndum

Fundir voru haldnir með nefndum dagana 12 og 13 ágúst, varið var yfir verkefni vetrar og hlutverk nefnda, allt gekk vel og álitid að þetta sé nauðsynlegt að festa þannig að þetta verði viðtekin venja fyrir upphaf hvers tímabils.

Önnur mál

- a) Beiðni kom til mótanefndar um að bæta við liði í Íslandsmót í tvímenning deildarliða, svar PMP til mótanefndar var nei, þar sem skráningarfrestur var liðinn, þannig að það hefði skapað slæmt fordæmi, jafnframt þá var það ekki hentugt að fjölga liðum, stjórnarmenn voru sammála þessari afgreiðslu formanns.
- b) Í 2 deild kvk eru 7 lið sem stendur sem þýðir að það verður yfirseta í hverri viku, PMP spurði stjórnarmenn hvort leyfa ætti að bæta við liði til að gera töluna jafna til að stroka út yfirsetuna, þarna væri aðrir hagsmunir en í Íslandsmóti tvímenning deildarliða, BPJ mælti með að þetta væri leyft, og PMP fékk heimild til að kanna hvort hægt væri að finna lið til að bæta í 2 d. KvK.
- c) Nafngiftir liða; áður fyrr þá var til nefnd sem tók á nafngiftum liða og hafði það að leiðarljósi að lið væru ekki stofnuð með nöfnum sem mætti túlka neikvæð fyrir keiluna ef fjallað væri um þau/nefnd í fjölmiðlum, nú hafa komið fram beiðnir frá KFR um lið sem heita KFR Folarnir og KFR Grænu Töffararnir, PMP fannst þesi nöfn kannski ekki alveg í anda þess sem hefði verið heimilað og vildi fá umræðu um nöfnin, að endingu falið í hendur SUV að taka erindi inná stjórnarfund hjá KFR á morgun(19 ágúst) um þessar nafngiftir og biðja menn að fara yfir þær og skoða hvort mætti gera betur, almenn voru fundarmenn á báðum áttum, almennt þá var jákvætt tekið í KFR Folarnir, meira voru skiptar skoðanir á KFR Grænu Töffararnir.
- d) Stefnt er að boða til formannafundar í 1 viku september (1-3 sept)
- e) SUV er búin að kaupa tölvu fyrir KLÍ sem verður hugsuð til að hafa í Keiluhöllinni og verður í notkun í mótum á vegum KLÍ, til að hafa kerfisumsjón og annað varðandi mótið inná – það á meðal tenging við skorkerfi keiluhallarinnar þannig að hægt sé að leiðrétta skor og færa skor úr mótakerfi í önnur kerfi KLÍ. SUV heldur áfram að vinna með Keiluhöllinni við að setja upp kerfi í vélina.
- f) Þing FIQ og WTBA verða haldin í Abu Dahbi daga 15 og 16 des, PMP minntist á þetta og nefndi að það hefði verið gert ráð fyrir þátttöku í þinginu í fjárhagsáætlun sem var samþykkt á síðasta þingi. Gott að halda uppi alþjóðlegum tengslum og sækja svona viðburði, sérstaklega þar sem þetta er þing þar sem verða kostningar.

Næsti fundur áætlaður ? formaður kallar saman fund.

Fundi slitið kl.18:45